

Umsögn nefndar

skv. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands
um hæfni umsækjenda um embætti aðstoðarseðlabankastjóra
sem auglýst var laust til umsóknar 21. febrúar 2018

Reykjavík, 12. júní 2018

1. Umsækjendur um embætti aðstoðarseðlabankastjóra

Með bréfi dags. 25. apríl 2018 fól forsætisráðherra nefnd skv. 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum að leggja mat á hæfni umsækjenda um embætti aðstoðarseðlabankastjóra sem auglýst var laust til umsóknar í Lögbirtingablaði og á vefnum 21. febrúar 2018.

Um embætti aðstoðarseðlabankastjóra sóttu fjórtán manns. Tveir umsækjendur drógu umsókn sína til baka og einn umsækjandi uppfyllti ekki almenn hæfnisskilyrði 23. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands að mati forsætisráðuneytisins. Eftir standa því ellefu umsækjendur: Daníel Svavarsson, Guðrún Johnsen, Stefán Hjalti Garðarsson, Jón Þ. Sigurgeirsson, Konráð Guðjónsson, Lúðvík Elíasson, Ólafur Margeirsson, Rannveig Sigurðardóttir, Tryggvi Guðmundsson, Vilhjálmur Bjarnason og Þorsteinn Þorgeirsson.

Umsögn nefndarinnar um þessa umsækjendur fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Embætti aðstoðarseðlabankastjóra var auglýst laust til umsóknar 21. febrúar 2018. Auglýsingin var svohljóðandi:

Forsætisráðuneytið auglýsir embætti aðstoðarseðlabankastjóra Seðlabanka Íslands laust til umsóknar.

Forsætisráðherra skipar aðstoðarseðlabankastjóra Seðlabanka Íslands til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum. Aðeins er hægt að skipa sama mann aðstoðarseðlabankastjóra tvisvar sinnum. Aðstoðarseðlabankastjóri skal fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Aðstoðarseðlabankastjóri er staðgengill seðlabankastjóra.

Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Gerð er krafa um stjórnunarhæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum.

Við skipun í embættið mun forsætisráðherra, skv. 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands, skipa þriggja manna nefnd er hefur það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda um embættið. Verður einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar

háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar.

Í umsókn um embættið skal greina frá nafni, kennitölu og heimilisfangi umsækjanda auk þess sem veita skal ítarlegar upplýsingar um menntun viðkomandi, starfsferil og reynslu.

Um laun og önnur starfskjör fer eftir ákvörðun kjararáðs, sbr. b-lið 28. gr. laga um Seðlabanka Íslands.

Skipað verður í embættið frá og með 1. júlí 2018.

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2018. Vinsamlega sendið umsóknir og starfsferilskrár til forsætisráðuneytisins, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, eða á netfang ráðuneytisins postur@for.is. Komur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins.

Eins og fram kemur hér að framan skal ráðherra við skipun í embætti aðstoðarseðlabankastjóra skipa þriggja manna nefnd er hafi það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda. Með bréfi dags. 25. apríl 2018 skipaði forsætisráðherra í nefndina Eyjólf Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, Þórunni Guðmundsdóttur, hæstaréttarlögmann og varaformann bankaráðs Seðlabanka Íslands, samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og Friðrik Má Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar án tilnefningar.

Fram kom í skipunarbréfi nefndarinnar að verkefni hennar væri að leggja mat á hæfni umsækjenda til að gegna embætti aðstoðarseðlabankastjóra. Óskað var eftir því að nefndin skilaði rökstuddri umsögn um hæfni hvers umsækjanda og rökstuddu álitni á því hverja nefndin teldi hæfasta meðal umsækjenda. Mælt var fyrir um það að umsækjendur yrðu flokkaðir í fjóra eftirfarandi flokka eftir hæfni samkvæmt mati nefndarinnar;

1. mjög vel hæfur
2. vel hæfur
3. hæfur
4. ekki hæfur.

Við mat á hæfni umsækjenda var lagt fyrir nefndina að hafa m.a. til hliðsjónar eftirtalin atriði:

1. menntun

2. starfsferil

3. reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum

4. stjórnunarhæfileika

5. hæfni í mannlegum samskiptum.

Ennfremur kom fram í skipunarbréfinu að nefndin skyldi meta hvort ástæða væri til að boða umsækjendur í viðtal, en gert væri ráð fyrir að nefndin kallaði eftir frekari gögnum, m.a. frá umsækjendum, að því marki sem hún teldi nauðsynlegt vegna hæfnismatsins. Kæmu fram í gögnum, sem nefndin hefði aflað frá öðrum en umsækjanda sjálfum, upplýsingar sem hún teldi vera umsækjanda í óhag og kynnu að hafa áhrif á mat á hæfni hans, skyldi nefndin kynna umsækjanda efni þeirra, frá hverjum þær stöfuðu og veita umsækjanda tækifæri til þess að tjá sig um þær áður en nefndin gæfi umsögn um hæfni hans.

Í 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 5/2009, segir að seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri skuli hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum.

Aðstoðarseðlabankastjóri skal ennfremur fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Líkt og við á almennt um skipun í embætti hjá hinu opinbera er í öðrum lögum að finna ákvæði sem taka verður tillit til við málsmeðferð og mat á hæfni umsækjenda. Þar á meðal eru stjórnarsýslulög nr. 37/1993 og lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla auk áðurnefndra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

3. Málsmeðferð

Hinn 30. apríl 2018 ritaði formaður hæfnisnefndarinnar umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna, teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Með öðru tölvubréfi formanns nefndarinnar til umsækjenda, síðar sama dag, var þess óskað að umsækjendur sendu athugasemdir sínar ef einhverjar væru, til forsætisráðuneytisins. Frestur til að gera athugasemdir var veittur til fimmtudagsins 3. maí sl., kl. 15.

Athugasemdir við almennt og sérstakt hæfi Friðriks Más Baldurssonar bárust frá einum umsækjanda. Forsætisráðuneytið sendi athugasemdirnar til nefndarinnar síðdegis 3. maí sl. og óskaði eftir því að nefndin tæki afstöðu til þeirra. Frestur til að gera það var veittur til hádegis

7. maí sl. Með vísan til 4. mgr. 5. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, skiluðu nefndarmennirnir Eyjólfur Guðmundsson og Þórunn Guðmundsdóttir afstöðu sinni til ráðuneytisins, fyrir tilsettan tíma, og var niðurstaða þeirra sú að þau atriði sem umræddur umsækjandi hefði bent á, og taldi að leiða ættu til vanhæfis Friðriks Mús, gætu ekki leitt til vanhæfis þess síðarnefnda samkvæmt stjórnsýslulögum.

Ráðuneytið veitti hlutaðeigandi umsækjanda frest til 11. maí sl. til að koma að athugasemdum við framangreinda afstöðu. Í svarpósti umsækjanda kom fram að hann teldi ekki tilefni til að koma að frekari athugasemdum eða skýringum að svo stöddu. Jafnframt staðfesti umsækjandinn að hann gerði ekki athugasemdir við að matsferlið héldi áfram með óbreyttri skipan hæfnisnefndar.

Með bréfi forsætisráðuneytisins, dags. 14. maí sl., til umsækjandans kom fram sú afstaða ráðuneytisins að þau efnislegu atriði og athugasemdir sem hann hefði lagt fram, hvorki einstök efnisatriði né athugasemdir hans metnar heildstætt, leiddu til þeirrar niðurstöðu að skipaður formaður hæfnisnefndar til að meta hæfi umsækjenda um embætti aðstoðarseðlabankastjóra teldist vanhæfur til starfans á grundvelli hæfisreglna stjórnsýslulaga eða óskráðra hæfisreglna stjórnsýsluréttar. Með tölvubréfi ráðuneytisins til nefndarinnar 14. maí sl. var nefndinni veittur viðbótarfrestur til 29. maí sl. til að skila umsögn sinni um umsækjendur.

Nefndin fór í upphafi starfs síns yfir umsóknir hvers og eins umsækjanda sem og fylgigögn með umsóknum þeirra. Það var mat nefndarinnar eftir fyrstu yfirferð að af umsækjendunum ellefu, uppfyllti Stefán Hjalti Garðarsson ekki þá kröfu sem fram kemur í 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum um að búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Rökstuðning nefndarinnar fyrir þessari niðurstöðu er að finna síðar í þessari umsögn. Nefndin ákvað að bjóða þeim tíu umsækjendum sem uppfylltu hæfnisskilyrði 1. mgr. 23. gr. seðlabankalaga að mæta í viðtal til nefndarinnar. Allir tíu umsækjendurnir þáðu boð um viðtal. Að höfðu samráði við forsætisráðuneytið var ákveðið að leita aðstoðar Capacent við framkvæmd viðtalanna.

Nefndarmenn ræddu við umsækjendur dagana 16. og 18. maí 2018 og var höfð hliðsjón af viðtölunum við gerð þessarar umsagnar. Viðtalið var staðlað, þ.e. allir umsækjendur fengu sömu spurningar til að svara. Spurningar nefndarinnar má sjá í fylgiskjali 1.

Nefndin skilaði umsögn sinni til forsætisráðuneytisins 29. maí sl. Ráðuneytið sendi umsögnina til allra umsækjenda og gaf þeim kost á að koma að athugasemdum við umsögnina og veitti til þess frest til 4. júní sl. Átta umsækjendur, þau Daníel Svavarsson, Guðrún Johnsen, Jón Þ.

Sigurgeirsson, Lúðvík Elíasson, Rannveig Sigurðardóttir, Tryggvi Guðmundsson, Vilhjálmur Bjarnason og Þorsteinn Þorgeirsson nýttu sér þann rétt og skiluðu inn athugasemdir. Ráðuneytið sendi þær athugasemdir til nefndarinnar 5. júní sl. með beiðni um að nefndin yfirfæri athugasemdirnar og tæki afstöðu til þess hvort þær gæfu tilefni til breytinga á umsögn nefndarinnar. Nefndinni var veittur frestur til að skila endanlegri umsögn til þriðjudagsins 12. júní. Nefndin fór yfir athugasemdir umsækjenda og gerði nokkrar breytingar á umsögninni, en án þess þó að það hafi haft áhrif á röðun umsækjenda. Endanleg umsögn nefndarinnar er því dagsett 12. júní 2018.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður næst reifað stutt ágríp um menntun, starfsferil og reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum hvers umsækjanda um sig. Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um að umsækjendur uppfylli ekki almenn starfsgengisskilyrði 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gengur nefndin því út frá því í sínu mati að allir umsækjendur uppfylli þau skilyrði. Í 5. kafla er síðan að finna mat nefndarinnar á umsækjendum og samburð á hæfni þeirra á grundvelli þeirra sjónarmiða sem reifuð eru hér að framan í kafla 2. Upplýsingar þær sem hér er að finna eru einvörðungu byggðar á umsóknum umsækjenda. Til dæmis hefur nefndin ekki staðreynt sérstaklega prófgráður umsækjenda. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið upp í umsóknum, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna sem falla undir framangreind hæfnisskilyrði.

Daníel Svavarsson er fæddur 10. ágúst 1975. Hann lauk B.A. prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands 1999, M.Sc. prófi í iðnaðar- og fjármálahagfræði frá Gautaborgarháskóla 2001 og lauk síðan Ph.D. prófi í viðskiptafræði (*industrial and financial management*) frá Gautaborgarháskóla árið 2005.

Daníel starfaði við rannsóknir og kennslu við Gautaborgarháskóla og Stanford University 2001-2005 meðfram doktorsnámi sínu. Árin 2006-2008 starfaði hann sem sérfræðingur á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands m.a. við rannsóknir og greiningu á utanríkisviðskiptum og erlendri stöðu þjóðarbúsins. Hann fékk leyfi frá störfum hjá Seðlabankanum til að starfa sem sérfræðingur fyrir Rannsóknarnefnd Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna (október 2009 til febrúar 2010). Að því loknu sneri hann aftur til starfa hjá Seðlabankanum sem sérfræðingur á alþjóða- og markaðssviði. Árið 2010 var Daníel ráðinn aðalhogfræðingur og forstöðumaður hagfræðideildar Landsbanka Íslands og leiðir þar fimm manna sérfræðiteymi.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn Daníels með upplýsingum um menntun, starfsferil og ritstörf. Umsókninni fylgir einnig bréf hans til forsætisráðuneytisins þar sem farið er yfir færni hans og hæfni til að gegna starfinu.

Guðrún Johnsen er fædd 5. apríl 1973. Hún lauk B.A. prófi í hagfræði með áherslu á fjármál og lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1999, M.A. prófi í tölfræði, og M.A. prófi í hagnýtri hagfræði, frá University of Michigan, Ann Arbor árið 2003. Undanfarin tvö ár hefur Guðrún lagt stund á doktorsnám í fjármálhagfræði við Paris School of Economics.

Guðrún hóf störf innan fjármálageirans árið 1998 sem sérfræðingur í sjóðsstýringu við Nordic Investment Bank í Helsinki. Á árunum 1999 til 2001 starfaði hún sem verðbréfamiðlari við Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Meðfram námi sínu 2002-2003 starfaði Guðrún sem (aðstoðar) rannsakandi og (aðstoðar) kennari þar sem hún vann að uppbyggingu gagnavöruhúsa með gögnum frá umbreytingarhagkerfum.

Á árinu 2003 starfaði Guðrún sem sérfræðingur hjá RAND Corporation í Santa Monica, Kaliforníu. Þá starfaði Guðrún einnig sem sérfræðingur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (2004-2006) að greiningu álagsprófa og rannsóknum á efnahagsstjórnun.

Frá árinu 2006 hefur Guðrún starfað að mestu leyti innan háskóla, bæði við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Oslóarháskóla. Þar hefur hún lagt stund á kennslu og rannsóknir í tengslum við fjármálafræði, fjármálamarkaði og banka, tölfræði og starfshætti fyrirtækja, sérstaklega á fjármálamarkaði.

Guðrún starfaði einnig sem hagfræðingur fyrir Rannsóknarnefnd Alþingis frá janúar 2009 til apríl 2010. Hún var varaformaður stjórnar Arion banka frá 2010 til 2017.

Í ferilskrá Guðrúnar kemur einnig fram að hún hefur sinnt þjónustu í þágu rannsóknasamfélagsins, atvinnulífsins og dómskerfisins með því að taka þátt í stjórnun, nefndum, undirbúningshópum og við skrif matsgerða. Í ritstörfum sínum hefur Guðrún ritað um fjármálamarkaði, fjármálakerfi, efnahagsmál og fyrirtæki, bæði á íslensku og ensku.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn Guðrúnar með yfirliti yfir menntun, starfsferil og ritstörf. Umsókninni fylgir einnig bréf hennar til forsætisráðherra þar sem farið er yfir færni hennar og hæfni til að gegna starfinu.

Stefán Hjalti Garðarsson er fæddur 9. maí 1983. Hann lauk B.Sc. prófi í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 2010 og meistaraþáttu í reikniverkfræði frá Tækniháskóla Danmerkur

(DTU) Kgs. Lyngby, með sérhæfingu í fjármálaverkfræði, árið 2014. Jafnframt hefur Hjalti lokið sérhæfðum námskeiðum um flökt (*volatility*) og áhættustjórnun í verðbréfavíðskiptum.

Stefán Hjalti starfaði sumarið 2008 sem greinandi viðskiptaáætlana hjá Veritas lögmönnum. Hann var lærlingur hjá Nordea Bank 2013-2014 og afleiðumiðlari hjá Nordea Bank 2014-2015. Í dag starfar Stefán Hjalti við frumkvöðlaverkefni með leiðsögn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands við þróun viðskiptahugmynda við gerð og markaðssetningu snjallforrits sem snýst um að spara peninga og tíma fyrir eldhús, innkaup og eldamennsku með samfélagsmiðlanálgun og gervigreind.

Með umsókn Stefáns Hjalta fylgdi ítarleg ferilskrá og ýmis meðmælabréf og afrit af prófskírteinum og vottorðum um námskeiðasókn og viðurkenningar.

Jón Þ. Sigurgeirsson er fæddur 16. júní 1962. Hann lauk Cand. Oecon. prófi frá Háskóla Íslands 1986 og prófi til löggildingar í verðbréfamiðlun 1998.

Jón starfaði sem sérfræðingur og miðlari hjá alþjóðadeild Seðlabanka Íslands 1986-1994. Hann var deildarstjóri og staðgengill framkvæmdastjóra á alþjóðadeild Seðlabankans 1994-1996 og hafði þar m.a. erlend lánamál, samskipti við matsfyrirtæki, skuldastýringu og bankasamskipti að viðfangsefnum. Jón starfaði við vöruviðskipti í Hong Kong 1996-1997 í ársleyfi frá Seðlabankanum. Hann sneri aftur til Seðlabankans árið 1997 þá sem aðstoðarframkvæmdastjóri alþjóðadeildar og starfaði sem slíkur til 1999. Hann starfaði sem sérfræðingur á skrifstofu Norðurlanda og Eystrasaltsríkja hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) 2000-2002. Varð síðan framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Seðlabankans 2002-2005. Árin 2006-2008 var Jón aðstoðarframkvæmdastjóri á skrifstofu Norðurlanda og Eystrasaltsríkja og varafastafulltrúi í stjórn AGS. Jón hefur starfað sem framkvæmdastjóri alþjóðasamskipta og skrifstofu seðlabankastjóra frá árinu 2008.

Jón hefur setið í ýmsum nefndum varðandi fjármálakerfið fyrir hönd Seðlabanka Íslands. Hann var fulltrúi bankans í framkvæmdahópi stjórnvalda um losun gjaldeyrishafta 2015-2017, stjórnarformaður Eignasafns Seðlabanka Íslands 2012-2018 og sat í stjórn Fjármálaeftirlitsins 2009-2011. Hann hefur tekið þátt í undirbúningi lagasetningar, m.a. viðkomandi fjármálastöðugleikaráði og stöðugleikaskatti. Jón hefur verið stjórnarmaður í *Hellenic Financial Stability Fund* (Gríska stöðugleikasjóðnum) frá 2015.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn Jóns með upplýsingum um menntun og starfsferil. Umsókninni fylgir einnig jákvæð umsögn um störf Jóns hjá *Hellenic Financial Stability Fund*.

Konráð S. Guðjónsson er fæddur 31. desember 1988. Hann lauk B.Sc. prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 2012 og meistaraáráðu (M.Sc.) í hagfræði frá Háskólanum í Warwick árið 2014. Í meistaranámi sínu lagði Konráð áherslu á langtímaáhrif fjármagnshafta sem viðbrögð við fjármálakreppu og skoðaði hann sérstaklega áhrif fjármagnshafta í Malasíu.

Að loknu námi hóf Konráð störf hjá Þróunarsamvinnustofnun (ICEIDA) í Úganda um sex mánaða skeið. Einnig starfaði hann sem ODI fellow í Tansaníu frá október 2014 til janúar 2015. Konráð starfaði hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um nokkurra mánaða skeið á árinu 2012 og aftur árið 2014, en lengst af hefur hann starfað hjá Arion banka sem sérfræðingur í greiningardeild (2015 til 2018). Í dag starfar Konráð sem hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands.

Umsókn Konráðs fylgir ítarleg ferilskrá og afrit af meistararitgerð hans. Umsókninni fylgir einnig bréf hans til forsætisráðuneytisins þar sem farið er yfir færni hans og hæfni til að gegna starfinu.

Lúðvík Elíasson er fæddur 8. mars 1969. Hann stundaði nám í stærðfræði við Háskóla Íslands 1988-1991 en skipti síðan yfir í hagfræði og lauk B.Sc. prófi í hagfræði frá HÍ 1994. Lúðvík stundaði doktorsnám í hagfræði við University of Washington árin 1995-2001 og lauk M.A. prófi í hagfræði 1997 og Ph.D. prófi í hagfræði 2001. Hann hefur einnig lokið prófi í verðbréfavíðskiptum (2016).

Lúðvík starfaði sem hagfræðingur á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins árið 1995 og á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands við haglíkanagerð, hagrannsóknir og efnahagsspár 2001-2005. Hann starfaði hjá greiningardeild Landsbanka Íslands 2005-2009 og sem sérfræðingur hjá Rannsóknarnefnd Alþingis 2009-2010. Hann gerðist forstöðumaður greiningardeildar MP banka 2009-2011, en réðist sem hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands 2011 og starfaði þar til 2012. Hann starfaði hjá Rannsóknarnefnd Alþingis um Íbúðalánasjóð 2012-2013. Frá 2012 hefur hann starfað hjá Seðlabanka Íslands (Fjármálastöðugleika) við rannsóknir í hagfræði og fjármálum og þróun þjóðhagslíkans og einnig við skrif í rit bankans (Fjármálastöðugleika og Peningamál). Lúðvík var lektor við Háskólann í Reykjavík 2002-2003 og kenndi tölfraði og þjóðhagfræði, en hann hefur einnig verið stundakennari við University of Washington, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst, Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann hefur verið virkur í rannsóknum og hefur birt fjölda rannsóknarritgerða. Síðustu ár hafa rannsóknir hans fyrst og fremst beinst að húsnaðismarkaðinum.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn Lúðvíks með upplýsingum um menntun, starfsferil og birt ritverk. Umsókninni fylgir einnig bréf hans til forsætisráðuneytisins þar sem farið er yfir færni hans og hæfni til að gegna starfinu.

Ólafur Margeirsson er fæddur 6. mars 1984. Hann lauk B.Sc. prófi í hagfræði 2008, M.Sc. prófi frá Exeterháskóla 2009, með banka og peninga sem sérsvið og Ph.D. prófi í hagfræði frá Exeterháskóla 2014, með fjármálalegan (ó)stöðugleika að viðfangsefni. Ólafur hefur einnig vottun frá *Alternative Investment Management Association* sem *Chartered Alternative Investment Analyst*.

Ólafur starfaði sem hagfræðingur hjá greiningardeild Kaupþings 2006-2008. Hann starfaði við ýmis verkefni meðan á doktorsnámi stóð og eftir lúkningu þess, m.a. við hagfræðileg skýrsluskrif fyrir Arion banka 2010, sem dæmatímakennari við Exeterháskóla 2011, sem dálkahöfundur á Evrópuvefnum 2012-2013, sem kennari í alþjóðahagfræði við Háskólann á Bifröst 2013 og starfaði sem *Financial Modeller* hjá *The Rank Group* í Bretlandi. Hann hefur starfað sem sérfræðingur um fasteignamarkaði (*Real Estate Strategist*) hjá *Zurich Insurance* frá 2015. Ólafur hefur verið varamaður í bankaráði Seðlabanka Íslands frá árinu 2017.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn Ólafs með upplýsingum um menntun og starfsferil. Umsókninni fylgir einnig bréf hans til forsætisráðherra þar sem farið er yfir færni hans og hæfni til að gegna starfinu.

Rannveig Sigurðardóttir er fædd 1. september 1955. Rannveig lauk fil. kand. prófi í hagfræði frá Gautaborgarháskóla 1985, meistaraprófi í hagfræði frá Gautaborgarháskóla 2002 og stundaði doktorsnám við Gautaborgarháskóla 1987-1990. Hún var gestanemi í hagfræði við Stanford University 1985-1987 og hefur einnig sótt viðbótarnámskeið í peningamálahagfræði eftir að formlegu námi lauk.

Rannveig starfaði við kennslu og rannsóknir á námsárum í Gautaborg og á Hagstofu Íslands, vísitöludeild árið 1990. Hún var hagfræðingur BSRB 1990-1999 og aðalhogfræðingur ASÍ 1999-2002. Rannveig var ráðgjafi aðalhogfræðings Seðlabanka Íslands 2002-2004 og varð deildarstjóri greiningar- og útgáfudeildar á hagfræði- og peningastefnusviði Seðlabanka Íslands árið 2004. Hún hefur starfað sem aðstoðarframkvæmdastjóri hagfræði- og peningastefnusviðs og ritari peningastefnunefndar frá 2009 ásamt því að vera staðgengill aðalhogfræðings. Hún hefur átt sæti í mörgum nefndum, þ.m.t. í vinnuhópi Þjóðhagsráðs og sem fulltrúi í stýri- og samráðshópi vegna samstarfsáætlunar með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hún hefur setið í nefndum hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) frá 2004, m.a.

Economic Policy Committee frá 2007. Rannveig hefur haft með höndum ritstjórn og umsjón með ritum Seðlabankans og ritun greina m.a. í Peningamálum, ársskýrslu Seðlabankans og Hagvísium. Hún hefur birt rannsóknargreinar á sviði peningahagfræði og fjölda greina og greiningarkafila. Hún hefur haldið fjölda erinda á innlendum og erlendum vettvangi.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn Rannveigar með upplýsingum um menntun, starfsferil og ritverk. Umsókninni fylgir einnig bréf hennar til forsætisráðuneytisins þar sem farið er yfir færni hennar og hæfni til að gegna starfinu.

Tryggvi Guðmundsson er fæddur 31. mars 1983. Hann lauk B.Sc. prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 2007, og M.Sc. prófi í hagfræði frá sama skóla árið 2010. Hann stundaði viðbótarnám í hagfræði við Cambridge háskóla 2010-2011. Tryggvi lauk Ph.D. gráðu í hagfræði og hagsögu frá London School of Economics and Political Science árið 2014. Meistara- og doktorsritgerðir Tryggva fjölluðu annars vegar um peningastefnu og hins vegar um fjármálastöðugleika.

Á árunum 2006 til 2008 starfaði Tryggvi í greiningardeild Landsbanka Íslands að hlutabréfa- og þjóðhagsgreiningu. Þá starfaði Tryggvi á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands á árunum 2009-2010. Hann starfaði hjá vogunarsjóðnum *Avantium Investment Fund* árin 2013 til 2014. Árin 2013 og 2014 til 2016 starfaði hann hjá fjármálamarkaðsdeild (*Monetary and Capital Markets Department*) Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við stefnumótun og rannsóknir á sviði fjármálamarkaða og peningamála. Árin 2016 til 2017 starfaði Tryggvi hjá Evrópudeild Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að ýmsu eftirliti og rannsóknum. Tryggvi starfar nú sem fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í London. Í því starfi sér hann um eftirlit með þróun á alþjóðamörkuðum og kynningu á sjóðnum til markaðsaðila og seðlabanka. Verkefni hans er einnig að halda æðstu yfirmönnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington upplýstum um gang mála í Evrópu. Þá er hann ábyrgur fyrir eftirliti með peningamálum og fjármálakerfi Bretlands, þar með talið þróun mála í Brexit. Tryggvi hefur stýrt hópum í fjölbreyttum verkefnum, svo sem í skýrsluskrifum og rannsóknum.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn Tryggva þar sem fram koma nánari upplýsingar um störf hans, helstu verkefni ásamt yfirliti rannsókna og ritstörf. Umsókninni fylgir einnig bréf hans til forsætisráðuneytisins þar sem farið er yfir færni hans og hæfni til að gegna starfinu.

Vilhjálmur Bjarnason er fæddur 20. apríl 1952. Hann lauk Cand. Oecon. prófi frá Háskóla Íslands 1977 og M.B.A. gráðu frá Rutgers University 1997.

Vilhjálmur starfaði hjá Útvegsbanka Íslands 1977-1987, var m.a. útibústjóri í Vestmannaeyjum 1980-1987. Starfaði hjá Kaupþingi 1987-1988 og sem kennari við Iðnskólann í Reykjavík 1989-1995. Hann var forstöðumaður hjá Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins 1991-1993 og verðbréfamiðlari með eigin rekstur 1993-1995. Vilhjálmur hefur verið kennari í fjármálum við viðskipta- og hagfræðideild (síðar viðskiptafræðideild) Háskóla Íslands, sem aðjunkt 1998-2008 og sem lektor frá 2009. Hann starfaði hjá Þjóðhagsstofnun 2000-2002, Hagstofu Íslands 2002-2007 og var framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta (nú Samtaka sparifjáreigenda) 2007-2014. Vilhjálmur sat á Alþingi árin 2013-2017 og átti m.a. sæti í efnahags- og viðskiptanefnd. Hann hefur setið í stjórn Bankasýslu ríkisins frá 2017.

Ítarleg ferilskrá ásamt bréfi Vilhjálms til forsætisráðuneytis fylgir umsókn hans þar sem fram koma nánari upplýsingar um störf hans, helstu verkefni ásamt yfirliti um ritstörf, bæði fræðileg og fyrir almenning, og málstofur og fleira auk ljósrita af bréfi til Rannsóknarnefndar Alþingis og greina um málefni banka og fjármálamarkaða eftir hann. Í fylgiskjali með umsókninni er farið yfir færni hans og hæfni til að gegna starfinu.

Þorsteinn Þorgeirsson er fæddur 17. september 1955. Hann lauk B.A. námi í hagfræði frá American University, Washington D.C. 1979, M.A. (Econ) í hagfræði frá Vanderbilt University í Bandaríkjunum 1988, stundaði doktorsnám í hagfræði við New School for Social Research og lauk M.Phil. gráðu (Econ) frá þeim skóla árið 2005.

Þorsteinn starfaði sem ráðgjafi á skrifstofu forstjóra Sambands íslenskra samvinnufélaga við markaðsrannsóknir 1982-1983. Árin 1984-1985 starfaði hann við stjórn markaðsmála hjá fyrirtækinu Gould Electronics, Inc. í Bandaríkjunum. Árin 1986-1990 starfaði hann sem ráðgjafi hjá hagspár- og upplýsingafyrirtækinu DRI/McGraw-Hill, Inc. í Bandaríkjunum þar sem hann aðstoðaði hagdeildir stórfyrirtækja við markaðsrannsóknir og áætlanagerð. Á árunum 1991-1993, samhliða doktorsnámi í hagfræði við New School for Social Research, starfaði hann sem hagfræðingur í hagfræðideild Seðlabanka Íslands. Að loknum skriflegum prófum til doktorsgráðu tók Þorsteinn við starfi við hagfræðideild EFTA í Genf og starfaði þar 1993-1995. Þar voru helstu verkefni hans m.a. að móta alþjóðlegt samstarf EFTA og ESB-ríkjanna á grundvelli EES samningsins varðandi stjórn efnahagsmála. Hann starfaði sem hagfræðingur hjá hagfræðideild OECD í París árin 1995-2000. Fyrstu þrjú árin fylgdist hann með efnahagsmálum Noregs og Finnlands og lagði mat á æskilega stefnumótun í peningamálum, opinberum fjármálum og hagskipulagsmálum í efnahagsskýrslum stofnunarinnar fyrir þessi tvö lönd. Seinni þrjú árin starfaði hann á peninga- og fjármálasviði hagfræðideildar OECD við rannsóknir á fjármálum aðildarríkja OECD. Árin 2001-2004 starfaði hann sem hagfræðingur

Samtaka iðnaðarins. Haustið 2004 var Þorsteinn skipaður skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og starfaði þar til 2009 þegar hann fór til starfa í Seðlabanka Íslands sem ráðgjafi bankastjóra og sinnir því starfi í dag. Hann hefur ritað fjölda greina á sviði þjóðhagfræði og peningamála.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn hans þar sem fram koma nánari upplýsingar um störf hans og helstu verkefni, greinar og fleira auk ljósrita af tveimur nýlegum greinum eftir hann. Þá fylgdi með umsókninni bréf hans til forsætisráðherra þar sem frekari grein var gerð fyrir hæfni hans og færni til að gegna starfinu.

5. Mat á hæfni umsækjenda

Í þessum kafla verður lagt mat á hæfni umsækjenda og þeir flokkaðir eftir þeim atriðum sem tilgreind eru í 1. mgr. 23. gr. seðlabankalaga og í skipunarbréfi nefndarinnar. Nefndin vekur athygli á því að hvert og eitt þessara atriða, menntun, starfsferill, reynsla og þekking á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum, stjórnunarhæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum, getur verið umfangsmikið, sem getur leitt til þess að umsækjendur með mismunandi hæfni falli engu að síður í sama hæfnisflokk, en hæfnisflokkarnir eru fjórir, mjög vel hæfur, vel hæfur, hæfur og ekki hæfur.

Svo sem fram kom í kafla 3 hér að framan er það mat nefndarinnar að umsækjandinn Stefán Hjalti Garðarsson uppfylli ekki öll hæfnisskilyrði laganna. Stefán Hjalti er með B.Sc. próf í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 2010 og meistaraþáttu í reikniverkfræði frá Tækniháskóla Danmerkur (DTU) með sérhæfingu í fjármálaverkfræði. Hann uppfyllir því menntunarskilyrði laganna. Hins vegar hefur hann aðeins starfað hjá fjármálafyrirtækjum um tveggja ára skeið samkvæmt því sem kemur fram í umsókn hans og gögnum sem henni fylgdu. Nefndin telur að sú reynsla uppfylli ekki kröfu laganna um víðtæka þekkingu og reynslu af fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Stefán Hjalti telst því ekki hæfur til að gegna embætti aðstoðarseðlabankastjóra og verður ekki fjallað frekar um hann efnislega í umsögn þessari.

5.1 Menntun

Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 5/2009, skal aðstoðarseðlabankastjóri hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum. Í nefndarálitni meirihluta viðskiptanefndar við það frumvarp til laga sem síðar varð að lögum nr. 5/2009 er fjallað um þetta hæfnisskilyrði og nefnt í dæmaskyni að undir tengdar greinar gætu

fallið viðskiptafræði, rekstrarhagfræði, fjármálaverkfræði eða -stærðfræði, tölfræði við hagrannsóknir, fjármála- og viðskiptalögfræði, o.fl. Frekari leiðbeiningar um hvers konar menntunarkröfur eru gerðar til aðstoðarseðlabankastjóra er hvorki að finna í texta laganna né lögskýringargögnum. Þannig gerir löggjafinn ekki kröfu til þess að aðstoðarseðlabankastjóri hafi t.d. lokið doktorsprófi í hagfræði eða skyldum greinum.

Allir umsækjendur uppfylla þetta lagaskilyrði. Fjórir þeirra hafa auk grunn- og meistaranáms í háskóla lokið doktorsprófi, þ.e. Daníel Svavarsson, Lúðvík Elíasson, Ólafur Margeirsson og Tryggvi Guðmundsson. Þrír umsækjendur til viðbótar hafa lagt stund á doktorsnám, Guðrún Johnsen, Rannveig Sigurðardóttir og Þorsteinn Þorgeirsson. Það er mat nefndarinnar að þeir fjórir umsækjendur sem lokið hafa doktorsprófi teljist á grundvelli þess og annars náms allir mjög vel hæfir til þess að gegna embætti aðstoðarseðlabankastjóra með hliðsjón af framangreindum menntunarkröfum laganna. Sama mat hljóta þau Guðrún Johnsen, Rannveig Sigurðardóttir og Þorsteinn Þorgeirsson, sem hafa auk annars náms lagt stund á doktorsnám í hagfræði og tengdum greinum. Jón Þ. Sigurgeirsson, Konráð Guðjónsson og Vilhjálmur Bjarnason teljast vel hæfir með hliðsjón af þessu skilyrði.

5.2 Starfsferill

Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. seðlabankalaga, sbr. 3. gr. laga nr. 5/2009, skal aðstoðarseðlabankastjóri búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Í skipunarbréfi hæfnisnefndarinnar, en efni þess er rakið í kafla 2 hér að framan, er mælt fyrir um að starfsferill umsækjenda skuli hafður til hliðsjónar við mat á hæfni þeirra. Nefndin hefur því skoðað hvernig víðtæk reynsla og þekking á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum, stjórnunarreynsla, reynsla af alþjóðlegum samskiptum og önnur atriði sem skipta máli endurspeglast í starfsferli umsækjenda.

Nefndin telur sjö umsækjendur, Daníel Svavarsson, Guðrúnu Johnsen, Jón Þ. Sigurgeirsson, Rannveigu Sigurðardóttur, Tryggva Guðmundsson, Vilhjálm Bjarnason og Þorstein Þorgeirsson mjög vel hæfa með hliðsjón af starfsferli.

Daníel Svavarsson hefur starfað að hagfræðilegum greiningarstörfum innan fjármálageirans ásamt því að starfa hjá Seðlabanka Íslands, opinberri rannsóknarnefnd og við rannsóknir hjá erlendum menntastofnunum. Daníel hefur þannig víðtæka innlenda reynslu af greiningarstörfum. Þá hefur Daníel starfað sem yfirmaður greiningarteymis hjá Landsbanka

Íslands um átta ára skeið og hefur því töluverða reynslu af stjórnun sérfræðinga og rekstri faglegrar einingar. Daniel telst því mjög vel hæfur þegar kemur að starfsferli.

Guðrún Johnsen hefur starfað við greiningar og rannsóknir innan fjármálageirans sem og hjá innlendum og erlendum stofnunum. Þá starfaði Guðrún fyrir Rannsóknarnefnd Alþingis en síðustu ár hefur hún starfað við háskóla við kennslu og rannsóknir tengdum fjármálamörkuðum og fjármálakerfum. Þá hefur Guðrún setið í stjórn Arion banka sem varaformaður um sjö ára skeið og tekið þátt í nefndum innan bankans sem krafist hafa mikilla samskipta við stjórnendur bankans. Þá hefur Guðrún komið að margvíslegum nefndar- og matsstörfum. Með tilliti til starfsferils telst Guðrún vera mjög vel hæf.

Jón Þ. Sigurgeirsson hefur starfað við Seðlabanka Íslands frá árinu 1986, með hléum. Innan bankans hefur hann gegnt margvíslegum sérfræði- og stjórnunarstörfum og hefur starfað sem framkvæmdastjóri við bankann síðan 2008. Þá hefur Jón gegnt trúnaðarstörfum fyrir bankann með setum í margvíslegum stjórnnum og nefndum á vegum bankans og stjórnvalda. Á tveimur tveggja ára tímabilum starfaði Jón á skrifstofu Norðurlanda og Eystrasaltsríkja hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) og hefur jafnframt setið í stjórn *Hellenic Financial Stability Fund* frá árinu 2010. Starfsferill Jóns sýnir glögggt að hann hefur aflað sér víðtækrar reynslu og þekkingar og telst hann því mjög vel hæfur.

Rannveig Sigurðardóttir hefur á 27 ára starfsferli starfað fyrir Hagstofu Íslands, sem hagfræðingur hjá samtökum stéttarféлага og síðan hjá Seðlabanka Íslands. Rannveig hóf störf hjá Seðlabanka Íslands árið 2002 og hefur þar gegnt störfum ráðgjafa, deildarstjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra hagfræði- og peningastefnusviðs jafnframt því að vera staðgengill aðalhogfræðings. Þá hefur Rannveig jafnframt setið í vinnuhópum, nefndum og ráðum á vegum Seðlabanka Íslands og stjórnvalda, m.a. vegna samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Á starfsferli sínum hefur Rannveig því aflað sér víðtækrar reynslu og þekkingar og telst því mjög vel hæf samkvæmt þessum þætti matsins.

Tryggvi Guðmundsson hóf starfsferil sinn á fjármálamarkaði árið 2006. Síðan þá hefur hann starfað hjá greiningardeild viðskiptabanka, á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands og hjá erlendum fjármálafyrirtækjum. Frá árinu 2013 hefur hann starfað á ýmsum sviðum innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Á starfsferli sínum hefur Tryggi aflað sér víðtækrar reynslu með sérfræðistörfum. Telst Tryggvi því mjög vel hæfur hvað þennan þátt varðar.

Vilhjálmur Bjarnason hefur fjölbreyttan starfsferil að baki. Hann hefur starfað sem útíbússtjóri hjá viðskiptabanka, sem verðbréfamíðlari, sem kennari við tvö skólastig og sem sérfræðingur

hjá Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands. Þá hefur Vilhjálmur setið á Alþingi þar sem hann átti sæti m.a. í efnahags- og viðskiptanefnd. Þá hefur hann setið í stjórn Bankasýslu ríkisins. Þegar horft er til starfsferilsins í heild sinni er ljóst að Vilhjálmur hefur aflað sér langrar og viðamikillar reynslu á sínum starfsferli og telst því mjög vel hæfur að þessu leyti.

Þorsteinn Þorgeirsson starfaði á árunum 1984 til 1990 í Bandaríkjunum hjá einkafyrirtækjum m.a. við markaðsmál og sem ráðgjafi. Með doktorsnámi sínu starfaði hann sem hagfræðingur í hagfræðideild Seðlabanka Íslands. Þá starfaði hann við hagfræðideild EFTA á árunum 1993-1995 og hjá OECD á árunum 1995 til 2000. Frá árinu 2001 hefur hann starfað á Íslandi, fyrst hjá Samtökum iðnaðarins og síðan sem skrifstofustjóri hjá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Frá árinu 2009 hefur hann starfað hjá Seðlabanka Íslands sem ráðgjafi bankastjóra. Þorsteinn hefur því á starfsferli sínum aflað sér víðtækrar innlendrar og alþjóðlegrar reynslu og telst því mjög vel hæfur að þessu leyti.

Lúðvík Eliásson hefur aflað sér víðtækrar reynslu í gegnum starfsferil sinn og telst því vel hæfur með hliðsjón af starfsferli. Frá árinu 2001 hefur Lúðvík starfað hjá Seðlabanka Íslands og hjá greiningardeildum viðskiptabanka ásamt því að starfa fyrir rannsóknarnefndir Alþingis. Þennan tíma hefur hann starfað sem sérfræðingur að mestu en gegndi þó starfi forstöðumanns greiningardeildar MP banka um tveggja ára skeið.

Konráð S. Guðjónsson hefur starfað sem sérfræðingur í greiningardeild Arion banka ásamt rannsóknar- og sérfræðistörfum bæði héraðs og erlendis á árunum 2012 til 2015. Í dag starfar hann sem hagfræðingur Viðskiptaráðs. Þrátt fyrir stuttan starfsferil hefur Konráð því aflað sér nokkuð fjölbreyttrar reynslu og telst hæfur með tilliti til starfsferils.

Ólafur Margeirsson hefur starfað sem sérfræðingur, rannsakandi og kennari frá því að hann lauk meistaranámi sínu og á meðan að hann stundaði doktorsnám. Frá árinu 2015 hefur hann starfað sem sérfræðingur á fasteignamarkaði hjá *Zurich Insurance*. Þrátt fyrir stuttan starfsferil sem sérfræðingur þá hefur Ólafur aflað sér alþjóðlegrar og nokkuð fjölbreyttrar reynslu og telst því hæfur með tilliti til starfsferils.

5.3 Reynsla og þekking á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum

Svo sem komið hefur fram hér að framan segir í 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, sbr. 3. gr. laga nr. 5/2009, að aðstoðarseðlabankastjóri skuli búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Hvorki í greinargerðinni með frumvarpinu sem varð að lögum nr. nr. 5/2009, né í nefndaráli meirihluta viðskiptanefndar,

sem lagði til breytingar á orðalagi ákvæðisins í meðförum þingsins, er að finna leiðbeiningar um hvernig meta eigi þessa reynslu og þekkingu eða til hvaða atriða eigi sérstaklega að horfa.

Nefndin hefur sérstaklega litið til reynslu af störfum við efnahags- og peningamál, til starfa á fjármálamörkuðum og rannsóknarstarfa, einkum á sviði efnahags- og peningamála.

Fjórir umsækjendur, Guðrún Johnsen, Jón Þ. Sigurgeirsson, Rannveig Sigurðardóttir og Þorsteinn Þorgeirsson, eru að mati nefndarinnar mjög vel hæf með hliðsjón af þessu skilyrði. Guðrún hefur langa starfsreynslu af fjármálamörkuðum og stofnunum sem tengjast þeim, bæði á Íslandi og erlendis. Hún hefur síðustu ár stundað kennslu og rannsóknir sem tengjast fjármálamörkuðum, og vinnur nú að rannsóknum á fyrirtækjasamstæðum og áhrifum þeirra á útlánaáhættu í bankakerfinu. Jón hefur viðtæka reynslu af störfum sem tengjast fjármálastarfsemi, lengst af hjá Seðlabanka Íslands, en einnig erlendis, á skrifstofu Norðurlanda og Eystrasaltsríkja hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Rannveig Sigurðardóttir hefur öðlast mikla reynslu og þekkingu á efnahags- og peningamálum í störfum sínum hjá Seðlabanka Íslands, en hefur einnig reynslu af stefnumótun og ákvörðunum á vinnumarkaði frá störfum sínum fyrir launþegasamtök. Hún hefur stundað rannsóknir á efnahagsmálum, sér í lagi á launamyndun. Rannveig hefur langa reynslu af erlendu samstarfi og samskiptum á sviði efnahagsmála. Þorsteinn Þorgeirsson hefur umfangsmikla reynslu á sviði efnahagsmála, bæði á Íslandi og hjá erlendum alþjóðastofnunum. Hann hefur stundað rannsóknir á sviði efnahagsmála og hefur síðustu ár beint sjónum sérstaklega að samspili peningalegs og fjármáalegs stöðugleika.

Fjórir umsækjendur, Daníel Svavarsson, Lúðvík Elíasson, Tryggvi Guðmundsson og Vilhjálmur Bjarnason, eru að mati nefndarinnar vel hæfir með hliðsjón af skilyrðinu um reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Daníel Svavarsson hefur öðlast þessa reynslu í störfum sínum sem sérfræðingur hjá Seðlabanka Íslands og sem sérfræðingur og stjórnandi í hagfræðideild Landsbankans. Lúðvík Elíasson hefur langa reynslu af rannsóknum og greiningu á efnahags- og peningamálum, sem sérfræðingur hjá Seðlabankanum og öðrum aðilum. Tryggvi Guðmundsson hefur viðtæka reynslu og þekkingu úr störfum hjá Seðlabanka Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þ.m.t. rannsóknir á alþjóðlegum peningamálum og fjármálastöðugleika. Vilhjálmur Bjarnason starfaði í bankakerfinu og á fjármálamarkaði um árabil, starfaði hjá opinberum stofnunum á sviði efnahagsmála, hefur kennt fjármál á háskólastigi og sat í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis í nokkur ár.

Tveir umsækjendur, Konráð Guðjónsson og Ólafur Margeirsson, eru að mati nefndarinnar hæfir með hliðsjón af skilyrðinu um viðtæka reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum.

5.4 Stjórnunarhæfileikar

Við mat á stjórnunarhæfileikum umsækjenda var horft til upplýsinga frá þeim um störf þeirra og verkefni sem flokka má til stjórnunarstarfa. Jafnframt var tekið tillit til þess sem fram kom um þessi atriði í viðtölum við umsækjendur.

Þrír umsækjendur, Daníel Svavarsson, Jón Þ. Sigurgeirsson og Rannveig Sigurðardóttir, teljast mjög vel hæf með hliðsjón af þessu skilyrði.

Eins og áður er getið hefur Daníel Svavarsson starfað sem yfirmaður hagfræðideildar Landsbanka Íslands um átta ára skeið og hefur því töluverða reynslu af stjórnun sérfræðinga og rekstri faglegrar einingar. Þá kom fram í viðtali við Daníel skýr sýn á mannauðsstjórnun og starf stjórnandans. Starfsferill Daníels ásamt viðtali hefur því sýnt fram á góða stjórnunarhæfileika og telst hann því mjög vel hæfur með tilliti til þessa þáttar.

Í störfum sínum fyrir Seðlabanka Íslands hefur Jón Þ. Sigurgeirsson færst úr sérfræðistörfum í deildarstjórastöður, áfram í aðstoðarframkvæmdastjórastöður og starfar í dag sem framkvæmdastjóri. Þá hefur Jóni verið falin ábyrgð fyrir hönd bæði innlendra og erlendra stofnana. Í viðtali kom skýrt fram reynsla hans af stjórnun og ábyrgð á starfsfólki og rekstri þeirra eininga sem hann hefur borið ábyrgð á. Jón hefur því sýnt fram á stjórnunarhæfileika og telst mjög vel hæfur að þessu leyti.

Í störfum sínum hefur Rannveig Sigurðardóttir fengið sívaxandi ábyrgð hvað varðar mannaforráð og rekstur eininga. Hjá Seðlabanka Íslands hefur hún gegnt starfi deildarstjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra hagfræði- og peningastefnusviðs jafnframt því að vera staðgengill aðalhogfræðings. Í viðtali kom fram skýr sýn hennar á stjórnunarþætti starfsins. Við mat á stjórnunarhæfileikum telst Rannveig því vera mjög vel hæf.

Þrír umsækjendur, Guðrún Johnsen, Vilhjálmur Bjarnason og Þorsteinn Þorgeirsson teljast vel hæf með tilliti til stjórnunarhæfileika.

Reynsla Guðrúnar Johnsen af beinni mannauðsstjórnun hefur að mestu takmarkast við stjórnun verkefna og samvinnu við sérfræðinga innan og utan þeirra stofnana sem hún hefur starfað hjá. Í viðtali var sú reynsla staðfest ásamt nánari skýringum á ábyrgðar- og leiðtogahlutverki í

störfum hennar, m.a. í stjórn Arion banka. Telst Guðrún hafa sýnt fram á að vera vel hæf þegar kemur að stjórnunarhæfileikum.

Samkvæmt upplýsingum úr starfsferilsskrá og úr viðtali hefur Vilhjálmur Bjarnason jafnan verið í ábyrgðarstörfum. Þó er nokkuð langt um liðið síðan að hann hafði bein mannaforráð. Því telst Vilhjálmur vel hæfur þegar kemur að mati á stjórnunarhæfileikum.

Samkvæmt ferilsskrá og upplýsingum sem fram komu í viðtali við Þorstein Þorgeirsson er reynsla hans af stjórnun og rekstri einingar takmarkaður við árin 2005-2009 þegar hann starfaði sem skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu og bar ábyrgð á efnahagsskrifstofunni og starfsfólki þeirrar einingar. Önnur störf hafa verið sérfræðistörf. Þorsteinn telst því vel hæfur þegar kemur að mati á stjórnunarhæfileikum.

Lúðvík Eliasson telst hæfur með hliðsjón af skilyrði um stjórnunarhæfileika. Í starfsferilsskrá og viðtali við Lúðvík kemur fram að reynsla hans af stjórnun er takmörkuð við verkefnastjórnun. Í viðtalinu kom fram góð og skýr sýn hans á stjórnun og leiðtogahlutverkið.

Tryggvi Guðmundsson hefur ekki mikla stjórnunarreynslu og hefur ekki haft bein mannaforráð. Í viðtali kom fram skýr sýn Tryggva á hvernig best sé að stýra teyllum sérfræðinga ásamt því sem að hann hefur stýrt slíkum teyllum og borið ábyrgð á afurðum þeirra innan Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins. Tryggi telst því hæfur í mati á stjórnunarhæfileikum.

Konráð S. Guðjónsson hefur takmarkaða stjórnunarreynslu og ekki reynslu sem felur í sér ábyrgð á rekstrareiningum eða mannaforráð. Takmörkuð stjórnunarreynsla var staðfest í ráðningarviðtali. Af framansögðu er ljóst að Konráð hefur ekki nægjanlega reynslu til að teljast hæfur útfrá stjórnunarhæfileikum til að gegna starfi aðstoðarseðlabankastjóra.

Í viðtali við Ólaf Margeirsson ásamt gögnum sem fylgja umsókn hans kemur fram að hann hefur takmarkaða reynslu af stjórnun og þá sérstaklega með tilliti til mannauðsstjórnunar og ábyrgðar á rekstrareiningum. Með tilliti til stjórnunarhæfileika er ekki unnt að sýna fram á hæfni hans til stjórnunarhluta starfs aðstoðarseðlabankastjóra.

5.5 Hæfni í mannlegum samskiptum

Í skipunarbréfi nefndarinnar var mælt fyrir um að nefndin skyldi við mat á hæfni umsækjenda einnig hafa hliðsjón af hæfni í mannlegum samskiptum. Við mat á þessum þætti var einkum stuðst við viðtöl nefndarmanna við umsækjendur sem fóru fram 16. og 18. maí síðastliðinn. Í viðtölunum voru umsækjendur beðnir um að lýsa samskiptastíl sínum og hvað þeir teldu mest krefjandi í samskiptum við aðra. Þá voru þeir beðnir um að segja frá aðstæðum þar sem

umsækjandi lenti í togstreitu eða árekstrum í samskiptum á vinnustað og hvernig umsækjandinn tókst á við það. Í þessum viðtölum komu allir umsækjendur vel fyrir og er á grundvelli þeirra ekki forsenda til að gera upp á milli þeirra með hliðsjón af þessum hæfnisþætti.

6. Niðurstaða hæfnisnefndar

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þá þætti sem nefndinni ber að líta til við mat á hæfni umsækjenda um embætti aðstoðarseðlabankastjóra samkvæmt lögum, auglýsingu um embættið og skipunarbréfi nefndarinnar.

Hæfnisskilyrði þau sem talin eru upp í 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum auk hinna almennu starfsgengisskilyrða skv. 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru mikilvæg í mati á hæfni umsækjenda. Þau skilyrði sem talin eru upp í 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands eru að viðkomandi hafi lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búi yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Aðstoðarseðlabankastjóri er staðgengill seðlabankastjóra, sem stýrir Seðlabanka Íslands og ber ábyrgð á rekstri hans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands. Aðstoðarseðlabankastjóri situr fundi bankaráðs og á sæti í peningastefnunefnd og kerfisáhættunefnd. Í nefndaráliti meirihluta viðskiptanefndar með frumvarpi sem varð að lögum nr. 5/2009, þar sem staða aðstoðarseðlabankastjóra var fest í lög, segir m.a. að aðstoðarseðlabankastjóri leysi seðlabankastjóra af í styttri fjarvistum og forföllum og fari þá með sömu valdheimildir og seðlabankastjóri samkvæmt lögnum, sbr. almennar reglur um innra valdframsal innan stofnana ríkisins, sbr. nánar reglur sem seðlabankastjóri setur um umboð starfsmanna, þ.m.t. aðstoðarseðlabankastjóra, til að skuldbinda bankann með undirskrift sinni og staðfestar eru af bankaráði. Þá segir í nefndarálitinu að komi til lengri forfalla geti forsætisráðherra, sbr. 2. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins, sett seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra tímabundið í embætti.

Því er rétt og málefnalegt að gera kröfu til þess að aðstoðarseðlabankastjóri búi yfir stjórnunarhæfileikum og hæfni í mannlegum samskiptum eins og krafa er gerð um í auglýsingu um embættið.

Niðurstaða nefndarinnar er reist á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda. Matið er einkum byggt á þeim þáttum sem raktir eru í köflum 5.1 til 5.4 hér að framan, þar sem ekki eru

forsendur til þess að gera greinarmun á umsækjendum með hliðsjón af þeim hæfnisþætti sem er til umfjöllunar í kafla 5.5 eins og áður er rakið.


Með skírskotun til alls þess, sem að framan greinir, er það niðurstaða nefndarinnar að fimm umsækjendur standi öðrum umsækjendum framar og teljist allir mjög vel hæfir til að gegna embætti aðstoðarseðlabankastjóra. Þetta eru (í stafrófsröð) Daníel Svavarsson, Guðrún Johnsen, Jón Þ. Sigurgeirsson, Rannveig Sigurðardóttir, og Þorsteinn Þorgeirsson. Þau hafa öll lokið grunnprófi í háskóla í greinum sem krafa er gerð um í 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum. Guðrún, Rannveig og Þorsteinn hafa ennfremur lokið meistaraþrófi í hagfræði og stundað doktorsnám í hagfræði um skeið. Daníel hefur lokið meistaraþrófi í fjármálhagfræði og doktorsþrófi í viðskiptafræði. Þessir umsækjendur hafa allir að baki fjölbreyttan starfsferil og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Daníel er með tólf ára reynslu af störfum hjá Seðlabanka Íslands og Landsbankanum. Guðrún á að baki um tveggja áratuga feril sem samþættir reynslu af fjármálamarkaði, kennslu og fræðistörf. Jón hefur umfangsmikla reynslu, sem spannar þrjú áratugi, hjá Seðlabankanum og sem fulltrúi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, fyrir hönd Seðlabanka Íslands, hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Rannveig hefur víðtæka reynslu, sem spannar einnig hátt í þrjátíu ár, af umfjöllun og framkvæmd peningastefnu innan Seðlabankans auk mikilvægrar reynslu úr störfum fyrir verkalýðsfélög. Þorsteinn hefur þriggja áratuga reynslu úr störfum hjá stofnunum á Íslandi og erlendis. Allir hafa þessir umsækjendur reynslu af alþjóðlegu starfi og samskiptum, þó Jón og Þorsteinn skeri sig úr vegna starfa sinna erlendis. Daníel, Jón, Rannveig og Þorsteinn hafa umtalsverða reynslu af stjórnunarstörfum. Jón sem framkvæmdastjóri hjá Seðlabanka Íslands og aðstoðarframkvæmdastjóri á skrifstofu Norðurlanda og Eystrasaltsríkja hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Rannveig sem aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Seðlabanka Íslands og áður forstöðumaður hagdeildar Alþýðusambands Íslands og Daníel sem forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans. Þorsteinn stýrði efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins í fimm ár. Guðrún hefur stýrt verkefnum, en ekki haft bein mannaforráð svo nefndinni sé kunnugt um. Hún gegndi hins vegar ábyrgðarstarfi sem varaformaður stjórnar Arion banka um sjö ára skeið.

Ennfremur er það niðurstaða nefndarinnar að Tryggvi Guðmundsson og Vilhjálmur Bjarnason séu vel hæfir til að gegna embætti aðstoðarseðlabankastjóra. Konráð S. Guðjónsson, Lúðvík Elíasson og Ólafur Margeirsson teljast hæfir til að gegna embætti aðstoðarseðlabankastjóra.

Ályktarorð:

Með vísun til 2. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, er það niðurstaða nefndar sem fékk það hlutverk að meta hæfni umsækjenda um embætti aðstoðarseðlabankastjóra að Daníel Svavarsson, Guðrún Johnsen, Jón Þ. Sigurgeirsson, Rannveig Sigurðardóttir og Þorsteinn Þorgeirsson séu öll mjög vel hæf til að hljóta embætti aðstoðarseðlabankastjóra sem auglýst var laust til umsóknar 21. febrúar 2018.

Reykjavík, 12. júní 2018,



Friðrik Már Baldursson



Eyjólfur Guðmundsson



Þórunn Guðmundsdóttir

Fylgiskjal 1.

Spurningar nefndar um mat á hæfni umsækjenda um embætti aðstoðarseðlabankastjóra til umsækjenda

1. Hvers vegna sóttir þú um embætti aðstoðarseðlabankastjóra? Hvað felst í starfinu að þínu mati og hvað hefur þú fram að færa í þetta starf?

Menntun

2. Vinsamlegast farðu yfir menntun þína sem þú telur nýtast í starfið.

Starfsferill

3. Farðu í stuttu máli yfir starfsferil þinn og þá þætti hans sem nýtast í embætti aðstoðarseðlabankastjóra. Hvað í þínum bakgrunni (starfsferli) telur þú að nýtist best og af hverju?
4. Hver er reynsla þín af því að koma fram fyrir hönd stofnunar eða fyrirtækis og tala máli hennar/þess?

Reynsla og þekking á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum

5. Segðu okkur stuttlega frá reynslu þinni og þekkingu á fjármálastarfsemi.
6. Segðu okkur stuttlega frá reynslu þinni og þekkingu af efnahags- og peningamálum.

Stjórnunarhæfileikar

7. Hver er reynsla þín af stjórnun og hvert hefur umfang mannaforráða verið síðastliðin ár? (Ef verkefnastjórnun – umfang, stærð verkefna, fjármagn, fólk)
8. Hvað telur þú að einkenni þig sem stjórnanda? Hvaða aðferðum beitir þú í stjórnun eða leiðtoga hlutverki / á hvað leggur þú áherslu?
9. Getur þú nefnt dæmi af krefjandi aðstæðum þegar þú þurftir að tala fyrir hugmynd eða leið sem þú varst ekki endilega sammála en þurfti að fá hóp með þér í ákveðna átt? Hvaða aðferðum beittir þú, hvernig náðir þú fólki á þitt band og hvernig keyrðir þú málið áfram til að tryggja farsæla lendingu eða úrlausn málsins?

Hæfni í mannlegum samskiptum

10. Hvernig metur þú samskiptahæfni þína? Hvað einkennir þinn samskiptastíl? Hvað finnst þér mest krefjandi í samskiptum við aðra?
11. Segðu okkur frá aðstæðum þar sem þú lentir í togstreitu eða árekstrum í samskiptum á vinnustað og hvernig þú tókst á við það.
12. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?